



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Meiri Mozart

9. apríl 2015





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Sinfónía nr. 32: 8'

Píanókonsert: 35'

Sendiboðinn: 8'

Sinfónía nr. 40: 30'

Mynd á kápu:

Einar St. Jónsson, Ásgeir Steingrímsson og Eiríkur Pálsson trompetleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony

#sinfó

www.sinfonia.is

Meiri Mozart

Tónleikar í Eldborg 9. apríl 2015 » 19:30

Olari Elts hljómsveitarstjóri

Shai Wosner einleikari

W.A. Mozart

Sinfónía nr. 32 í G-dúr K. 318 (1779)

Allegro spiritoso – Andante – Primo tempo

W.A. Mozart

Píanókoncert nr. 20 í d-moll K. 466 (1785)

Allegro (kadensa: Ludwig van Beethoven)

Romanze

Rondo: Allegro assai (kadensa: Shai Wosner)

Hlé

Valentin Silvestrov

Der Bote (Sendiboðinn, 1996)

W.A. Mozart

Sinfónía nr. 40 í g-moll, K. 550 (1788)

Molto allegro

Andante

Menuetto. Allegretto

Allegro assai

Olari Elts

hljómssveitarstjóri



Olari Elts (f. 1971) fæddist í Tallinn í Eistlandi og stundaði tónlistarnám þar. Hann vakti fyrst verulega athygli utan heimalandsins þegar hann hreppti fyrstu verðlaun í Jorma Panula-hljómssveitarstjórakeppninni árið 1999 og Sibeliusarkeppninni ári síðar. Elts var aðalstjórnandi Lettnesku þjóðarsinfóníuhljómssveitarinnar frá 2001–2006. Hann tók við stöðu aðalgestastjórnanda Skosku kammersveitarinnar árið 2006 og sama ár gerðist hann aðalgestastjórnandi Eistnesku þjóðarsinfóníunnar.

Elts kemur fram með hljómssveitum um allan heim, m.a. Dönsku útvarpshljómssveitinni, Finnsku útvarpshljómssveitinni, sinfóníuhljómssveitunum í Birmingham, Cincinnati, Melbourne, Nýja Sjálandi og Toulouse. Hann hefur stjórnað óperuflutningi við góðan orðstír, m.a. *Albert Herring* eftir Britten og *Il trittico* eftir Puccini við Eistnesku þjóðaróperuna. Elts hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómssveit Íslands, í Háskólabíói haustið 2003 á tónleikum þar sem m.a. var fluttur píanókoncert eftir Jón Nordal og Víkingur Heiðar Ólafsson fór með einleikshlutverkið.

Shai Vosner

einleikari



Ísraelski píanóleikarinn Shai Vosner (f. 1976) hóf píanónám í Tel Aviv og stundaði síðar nám við Juilliard-skólann í New York þar sem Emanuel Ax var kennari hans. Hann var valinn „BBC New Generation“-tónlistarmaður á árunum 2007–2009 og kom fram á ótal tónleikum og hljóðritunum í framhaldi af því. Hann hefur leikið einleik með flestum helstu hljómsveitum Bandaríkjanna og Evrópu, m.a. Fílharmoníuhljómsveitunum í Vínarborg og Los Angeles, og símfóníuhljómsveitunum í Chicago og Cleveland.

Wosner leikur einnig kammertónlist með framúrskarandi tónlistarfólki, m.a. Martin Fröst, Isabelle Faust, Christian Tetzlaff og Jennifer Koh. Hann hefur hlotið mikið lof fyrir hljóðritanir sínar á píanóverkum Schuberts, og kom nýverið fram á tónleikaröð í 92nd Street Y í New York þar sem hann lék verk eftir Schubert í bland við nútímatónskáldin György Kurtág og Missy Mazzoli.

 @ShaiWosnerPiano

W.A. Mozart

Sinfónía nr. 32



Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var einkar iðinn við sínfóníusmíðar á árunum 1770–74, samdi alls 20 slíkar (nr. 10–30) á aðeins fimm árum. Síðan hægðist nokkuð á afköstunum enda varla við öðru að búast. Sinfónía nr. 32 varð til árið 1779, þegar Mozart hafði nýtekið við stöðu sem hirðorganisti í Salzburg. Hún er nokkuð óvenjuleg að því leyti að hér notar Mozart hið dæmigerða form ítalsks óperuforleiks, þar sem þrír stuttir þættir tengjast saman. Upphafs-„kaflinn“ er stutt og snaggaralegt sönötuform með tveimur andstæðum stefjum; þá tekur við ljúft rondó en þar næst snúa aðalstef upphafsþáttarins aftur – í öfugri röð.

Ekki er vitað fyrir hvaða tilefni Mozart samdi þessa sínfóníu sína. Lengi var talið að hann hefði ætlað henni stað á undan einhverju leikhúsverki sem hann lauk ekki við, til dæmis *Zaide* eða *Thamos, konungur Egyptalands*. Slíkt er nú talið ólíklegt enda voru forleikir yfirleitt það síðasta sem Mozart samdi fyrir slík verk, jafnvel aðeins fáeinum dögum fyrir frumsýningu. Aðeins er vitað að Mozart stjórnaði sínfóníunni K. 318 einu sinni, í Vínarborg árið 1785, þegar hún var upptaktur að óperu eftir allt annað tónskáld, Francesco Bianchi.

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt sínfóníu Mozarts nr. 32, í desember 1969 undir stjórn Alfreds Walter.

W.A. Mozart

Píanókonsert nr. 20

Það var á vordögum árið 1781 sem Mozart sagði skilið við vinnuveitanda sinn, erkibiskupinn af Salzburg, og freistaði gæfunnar í Vínarborg einn og óstuddur. Nú til dags kann það að virðast léttvægt skref fyrir tónlistarmann að treysta á lausamennsku í listinni en á tímum Mozarts var það fáheyrt að tónlistarmaður gegndi ekki föstu starfi annaðhvort hjá kirkju eða kóngi. Til að byrja með gekk honum flest í haginn. Hann fékk tækifæri til að semja óperur en hélt einnig stóra tónleika á eigin vegum þar sem hann flutti ný verk sín með hljómsveit og lék einleik á píanó.

Alkunna er að Mozart samdi tónlist á ógnarhraða, og það á ekki síst við um árin þegar hann naut hvað mestra vinsælda. Hann færði nýjan píanókonsert í d-moll í verkaskrá sína 10. febrúar 1785 og frumflutti hann daginn eftir. Honum hlýtur að hafa verið mikið í mun að flutningurinn gengi að óskum, því að Leopold faðir hans var staddur í borginni um þetta leyti. Leopold færði dóttur sinni fregnir af dvölinni í bréfi, sagði konsertinn „stórkostlegan“ en að Mozart hefði ekki haft tíma til að spila lokakaflann í gegn fyrir tónleikana, „þar sem hann þurfti að hafa umsjón með því að hljómsveitarpartarnir væru skrifaðir út“.

Píanókonsertinn K. 466 er annar af aðeins tveimur konsertum Mozarts sem eru í moll, og af þeim er hann sá dramatískari. Það kemur ekki á óvart að hinn ungi Beethoven hafi lært mikið af því að leika þetta verk enda gætir áhrifa þess víða hjá yngri meistararum. Beethoven samdi tvær kadensur við konsertinn sem enn í dag eru leiknar oftast en flestar aðrar. D-moll konsertinn var líka einn fárra eftir Mozart sem hélt velli alla níttjándu öldina, þegar oft var litið á tónlist Mozarts sem saklausan og einfaldan undanfara Beethovens.

Tónlistin á Íslandi

Konsert Mozarts í d-moll hefur hljómað oftast en flestir aðrir á tónleikum á Íslandi. Fyrstur til að flytja konsertinn hér á landi var Emil Thoroddsen, sem lék hann í Gamla bíói í maí 1928 ásamt Hljómsveit Reykjavíkur undir stjórn Páls Ísólffssonar. Meðal þeirra sem setið hafa við flygilinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands má nefna Gísla Magnússon í Þjóðleikhúsinu í mars 1960 og Christínu Ortiz í Háskólabíói haustið 1997. Síðast lék Robert Levin hann í Háskólabíói haustið 2010.

Valentin Silvestrov

Sendiboðinn



Úkraínska tónskáldið Valentin Silvestrov fæddist í Kænugarði árið 1937. Hann var lengi sjálfnuma í tónlist, stundaði háskólanám í verkfræði um skeið en sótti tíma við Tónlistarháskólann í Kænugarði á árunum 1958–64. Hann var eitt þeirra tónskálda Sovétríkjanna sem vöktu athygli um 1960 fyrir nýstárlega og ómstríða tónlist og hlutu fordæmingu yfirvalda að launum. Um langt skeið var tónlist hans varla flutt í heimalandinu, og Silvestrov fékk aldrei fararleyfi til að hlýða á flutning verka sinna vestan járntjalds. Það var ekki fyrr en um 1980 að tónlist hans hlaut þá athygli sem hún verðskuldar. Silvestrov tók upp ómblíðari stíl á áttunda áratug 20. aldar og kann sjálfur vel við að hugtakið *póstmóðernismi* sé notað til að lýsa tónlist sinni. Einnig má lýsa tónlist hans með orðinu *nýtónal* – hann notar einfalda, hefðbundna hljóma til að magna upp áhrifamikinn seið.

Verkið Sendiboðinn er samið 1996 og tileinkað minningu eiginkonu Silvestrovs, Larissu, sem lést sama ár. Að sumu leyti má greina áhrif Mozarts – hefðbundin strengjautsetning og fögur, einföld stef – en hvað stíllinn snertir er ekki svo. Hendingar enda í miðju kafi, framvindan virðist brotakennd og fjarlæg. Hljóðgervill framkallar draugalega stemningu og skapar enn meiri fjarlægð frá hinum klassíska stíl. Sjálfur hefur Silvestrov gefið í skyn að sendiboðinn sem heitið vísar til sé hugsanlega einhvers konar listagyðja sem tali tungumál 18. aldarinnar: eins og gestur frá annarri vídd tímans birtist okkur með skilaboð.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Silvestrov.

W.A. Mozart

Sinfónía nr. 40



Mozart samdi þrjár mestu sinfóníur sínar á innan við átta vikum sumarið 1788. Þá var ferill hans í Vínarborg um það bil að ná lágpunkti sínum og fjárkröggur hans að hefjast fyrir alvöru. Mozart var ekki einn um að eiga í erfiðleikum því að kreppa ríkti í veldi Habsborgara. Jósef II Austurríkiskeisari háði stríð við Tyrki en ekki fór betur en svo að herinn sneri heim árið 1790 eftir dýrkeypta niðurlægingu. Samdráttur í ríkinu hafði afleið áhrif á listalíf Vínarborgar: aðalsfólk hélt sig á sveitasetrum sínum, einkahljómssveitir lögðust af og tónleikum fækkaði.

Sinfónían í g-moll er ein sú dramatískasta sem Mozart samdi. Fyrsti kaflinn hefst á stafi sem flestir þekkja, en hafa kannski ekki hugleitt hversu mikil nýlunda það þótti árið 1788 að sinfónía hæfist með veiku spili – og með næstum heilum takti af ólgandi undirleik áður en ákaft og andstutt aðalstefið heyrir í fiðlunum. Seinna stefið er öllu blíðara – fiðlur og klarínnett kallast á – en þó má hér heyra ávæning af krómáttiskri raddfærslu sem setur mark sitt á verkið áður en yfir lýkur.

Í lokaþættinum tekur Mozart aftur upp dramatískan þráð úr fyrsta kafla. Um miðbik kaflans fer meginstefið „út af sporinu“ og er engu líkara en að Mozart hafi skyndilega tapað áttum. Nótur hljóma á stangli hér og þar, algerlega ófyrirséðar bæði hvað varðar tónhæð og hrynn. Segja má að hér sé Mozart riflega hálf aðra öld á undan samtíð sinni, því að aðeins skortir einn tón upp á að hann noti alla tólf krómáttisku tónana svo að Arnold Schönberg væri fullsæmdur af. Leikurinn verður enn snjallari fyrir það að sá sem upp á vantar er einmitt grunn- tónn sinfóníunnar: g. Eftir svo óvænt framtíðarstökk lítur Mozart því næst í hina áttina, með fjörmiklum fúगतó-kafla í barokkstíl. Síðan færir hann okkur í örugga höfn með kröftugu niðurlagi, og er vart til of mikils mælst eftir allt sem á undan er gengið.

Árni Heimir Ingólfsson

Tónlistin á Íslandi

Sinfónía nr. 40 var fyrsta sinfónía Mozarts sem hljómaði á tónleikum á Íslandi, í flutningi Filharmóníuhljómssveitar Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs árið 1926. Sinfóníuhljómssveit Íslands hafði ekki starfað nema í tvo mánuði þegar Róbert A. Ottósson stýrði flutningi verksins í Þjóðleikhúsinu í maí 1950. Síðan hafa m.a. stjórnad verkinu þeir Vladimir Ashkenazy (1974), Jean-Pierre Jacquillat (1977), Peter Maxwell Davies (1992) og Matthew Halls (2009).

Hljómsveit á tónleikum

9. apríl 2015

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdótti
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elin Kjartansdóttir
Mark Reedman

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Dóra Björgvinsdótti
Roland Hartwell
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásdis Runólfsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Júlía Mogensen
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfriður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

HLJÓÐGERVILL*

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Frank Aarnink

*Hljóðforritun Rikharður H. Friðriksson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður



Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

Pjotr Tsjajkovskij

Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur

Leonard Bernstein

Úr West Side Story

George Gershwin

Úr Porgy og Bess

Rico Saccani hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi í Eldborg. Eitt frægasta tónverk Tsjajkovskíjs er byggt á Rómeó og Júlíu Shakespeares. Það á líka við um söngleikinn West Side Story eftir Bernstein en þar eru átökin færð til New York. Smellirnir Summertime og It Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gershwin öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi SÍ á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur til að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni, í fyrsta sinn um langt skeið.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðgurnar Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir eru samstíga í tónlistinni.

Guðrún Hrund: Maður hefur verið viðloðandi sveitina alla tíð. Í Háskólabíói fékk ég að vera í fatahenginu og hljóp svo inn á svið sem blómadama. **Inga Rós:** Einmitt, það veitti þér auðvitað innsýn í þennan heim mjög snemma. **Guðrún Hrund:** Já, þetta var dýrmætt.

Þekktar tónlistarfjölskyldur eru þó nokkrar í tónlistarsögunni, bæði þegar kemur að tónskáldum og flytjendum. Í því sem stundum er kallað sígild tónlist er Bach fjölskyldan án ef þekktasta dæmið en tónlist Johanns Sebastian Bach er reglulega að finna í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ef tónlistarfjölskyldur fyrirfinnast á Íslandi þá tilheyra þær Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir svo sannarlega einni slíkri og báðar þekkja þær vel til verka meistara Bach.

Þær mæðgur eiga strengina sameiginlega, strjúka strengi sellósins og víólunnar sem líkt og fæðmast bæði í tónhæð og hljómi. Í góðu sinfónísku tónverki er engin rödd mikilvægari en önnur og í bestu tónverkunum finnst hlustandanum jafnvel að ekki sé hægt að hnika til einum einasta tóni, svo fullkominn er tónheimurinn.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is